

Gleðin við völd á Ólafsvíkurvöku



Vel heppnuð bæjarhátíð var haldin í Ólafsvík helgina 30. júní til 2. júlí. Ólafsvíkurvaka er haldin annað hvert ár þar sem litaskipt hverfin skiptast á að sjá um utanumhald hátíðarinnar. Í þetta sinn var það í höndum appelsínugula hverfisins og þess græna. Þétt pökkuð dagskrá var um helgina fyrir allan aldur, götur og hús voru skreytt í regnbogans litum og iðaði bærinn af mannlífi. Góð þátttaka var í öllum dagskrárlíðum helgarinnar en á daginn var fjölbreytt fjölskyldudagskrá á borð við krakka Crossfit, heimsókn frá Íþróttálfnum og Sollu stírðu og Láru og Ljónsa, Silent disco, dorgveiðikeppni, mótorkross sýning og regnbogahlaup sem vakti mikla gleði. Golfmótið Kassinn Open fór fram á Fróð-

árvelli þar sem 40 manns voru skráðir til leiks og voru veitt verðlaun fyrir 1.-3. sæti í punktakeppni. Rebekka Heimisdóttir var í 1. sæti, Ólafur Rögnvalds-son í 2. sæti og Viðar Gylfason í því 3. en Gunnlaugur Bogason vann til verðlauna í vipp keppni. Eins hélt Tafffélag Snæfellsbæjar hraðskák í Áttagastofu Snæfellsbæjar þar sem Sigurður Scheving tók 1. sætið í flokki fullorðinna, Sæmundur Árnason var í 2. sæti og Benedikt Marínó Herdísarson í 3., í yngri flokki tók Stefán Jóhannesson 1. sætið, Gunnar Smári Ragnarsson það 2. og Snæbjörn Kári Þorsteinsson var í 3. sæti. Þá fékk Elma Lía Scheving sérstök verðlaun fyrir að vera eina stelpa á mótinu. Á kvöldin voru tónleikar, karaóki, brekku-

söngur og ball svo enginn vafi er á að allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi. Á laugardagskvöldið eftir að bæjarbúar og gestir höfðu hópað sig saman í hverfunum og grillað héldu litskrúðugar fylkingar í skrudgöngu og mættu- st öll hverfin í Sjómannagarðin- um. Mikil gleði og litadýrð ein- kenndi garðinn þetta kvöldið og héldu Auðunn Blöndal og Steindi uppi fjörinu. Hverfaatriðin voru á sínum stað en appelsínugula hverfið fór með sigur úr bítum

í ár með lagið Lífið er allskonar, sem er breytt útgáfa af laginu Lífið er yndislegt. Þá höfðu Auðdi og Steindi rúntað um bæinn og valið best skreytta hverfið en titillinn fór til gula hverfisins sem gefur ekkert eftir í skreytingunum. Að lokum steig nefnd Ólafsvíkurvöku 2023 á svið, þakkaði fyrir sig og tilkynnti að hátíðin yrði í höndum gula og rauða hverfisins árið 2025.

SJ



Bílastæðamálun - Götusópun

Nesvegi 21 - Grundarfirði - 777-0611

Þjóðgarður í 22 ár

Snæfellsjökulsþjóðgarður fagnaði 22 ára afmæli miðviku-daginn 28. júní síðastliðinn. Í til-efni þess blésu þau til viðburð-

ar í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hell-issandi milli klukkan 11-13. með- al annars mættu hressir krakkar af leikskólum Snæfellsbæjar og

tóku þátt í skemmtilegri barna- stund með landverði. Eftir barna- stundina fengu börnin að skoða þjóðgarðsmiðstöðina og spjalla við starfsmenn. Þjóðgarðsvörö-

ur grillaði svo pulsir fyrir afmæl- isgestina sem voru himinlifandi með fræðandi og áhugaverða af- mælisveislu þjóðgarðsins.

JJ



**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is

- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Séra Aðalsteinn kveður

Séra Aðalsteinn Þorvaldsson hefur verið ráðinn prestur í Akureyrar- og Laugalandsprestakalli í Eyjafjarðar- og Þingeyjar- prófastsdæmi. Séra Aðalsteinn var skipaður sóknarprestur Setbergsprestakalli í Grundarfirði árið 2008 og hefur þjónað þar síðan auk þess að hafa þjónað tímabundið í Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakalli samhliða því. Aðalsteinn hefur lagt mikla

áherslu á barnastarfið, þá sérstaklega skátastarfið, og verður mikill missir af honum. Mun hann hefja störf við Akureyrar- kirkju í byrjun september en hefur sóknarnefnd Grundarfjarðar- kirkju gefið út að einhverskonar millibilsástand verði um tíma en staða sóknarprests í Setbergs- sókn verður auglýst.

SJ

Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Pakkir fyrir hljóðkerfi

Hér áður fyrr var því þannig hagað í sveitum landsins og víðar að fólk lagði sitt af mörkum, sem gerði það að verkum að lítil sveitafélög gátu byggt upp heilu félagsheimilin og fleira sem þótti nauðsynlegt samfélaginu.

Á þessu hefur orðið breyting í hraða nútímans. Fólk gefur sér ekki eins mikinn tíma og kröfurnar eru meiri.

En hvert samfélag er ríkt sem enn á hugsjónafólk sem vill styðja við sitt nærumhverfi. Við hér í sunnanverðum Snæfellsbæ erum mjög þakklát fyrir nýtt hljóðkerfi sem búið er að koma fyrir í Félagsheimilinu að Lýshóli. Ungmennafélag Staðarsveitar og Ungmennafé-

lagið Trausti kostuðu þetta að fullu og mega þau hljóta mikil lof fyrir.

Svo skemmtilega vill til að föstudagskvöldið 6. júlí munu þau hjónin Valgeir Guðjónsson og Ásta Krístrún Ragnarsdóttir vera með tónleika og sagnaskemmtun í húsinu og vonandi verður það upphafið að fleiri áhugaverðum uppákomum. Þá kemur nýtt hljóðkerfi að góðum notum.

Þúsund þakkir til Ungmennafélaganna beggja!

Fyrir hönd þeirra sem njóta góðs af.

SHG

Fleiri myndir frá Ólafsvíkurvöku



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

Hrafnhildur sýnir í Norska húsinu

Nú í júlí og fram á haust stendur yfir sýning í Norska húsinu í Stykkishólmi sem ber yfirheitið Hrafnhildur sýnir í Norska í húsinu með Snæfellsnesi í huga. Um er að ræða glerlistasýningu eftir listakonuna Hrafnhildi Ágústsdóttur eða Rabby. Hrafnhildur fæddist í Reykjavík en frá árinu 2001 hefur hún eytt öllum sumrum að Hnausum á Snæfellsnesi. Hún hefur sótt námskeið við Myndlistaskólann í Reykjavík auk þess sem hún nam glerlist á ýmsum stöðum í New York og annars staðar vestanhafs. Á árunum 1987 til 1993 hélt Rabby einkasýningar í New York og Reykjavík og tók þátt í samsýningum í New York og San Francisco. Þá hannaði hún og gerði glugga úr steindu gleri bæði í kirkjuna í Vík í Mýrdal og fyrir ný-

byggingu Larchmont Avenue kirkjunnar í New York. Hún hefur fundið eftir pöntunum frá einstaklingum, til dæmis lampa og glugga úr steindu gleri en síðustu ár hefur hún einnig hannað og gert diska og skálar úr bræddu gleri. Frá 2018 hefur hún starfrækt eigið stúdíó í Arizona en upphaflega var það staðsett í Larchmont og síðar New York. Eiginmaður hennar er Kristján Tómas Ragnarsson, læknir og Emeritus Prófessor, og eiga þau fjórar giftar dætur og 12 barnabörn. Þau hjónin bjuggu lengst af í New York, en búa nú í Arizona á veturna og hafa eytt sumrum sínum á Snæfellsnesi líkt og áður kom fram. Sýning Hrafnhildar í Norska húsinu opnar laugardaginn 8. júlí og mun standa

til 17. september. Sýningin byggist aðallega á fuglum á Snæfellsnesi og öðrum hlutum sem henni þótti passa við Norska húsið og stemminguna þar. Hrafnhildur talar um að vera frekar upptekin af fuglalífnum á Snæfellsnesi, frá því hún og maðurinn hennar fóru að eyða sumrum sínum á Hnausum fyrir 22 árum hefur hún tekið eftir því að fuglalífið hefur farið minnkandi en söluverð sýningarinnar mun allt renna til Fuglaverndar. Þá samanstendur sýningin af 38 fuglamyndum og skálum sem hún hefur unnið að í vetur auk nokkurra lampa frá fyrri árum sem eru þó einungis til sýnis. Hrafnhildur segist hafa gaman af því að fá að halda sýningu í Norska húsinu, hafi það komið til þegar Hrafnhildur Sigurðardóttir hafi komið í



heimsókn til hennar, séð glerverkin og stungið upp á slíkri sýningu svo það sé í raun henni að þakka að allt hafi komist af stað. Ekki hefur liðið það sumar sem Hrafnhildur hefur ekki farið í Norska húsið síðan hún fór að koma á Snæfellsnesið svo hún er spennt að setja upp sýninguna og fá að vera hluti af upplifuninni.

Sigur og tap

Eitt af atriðum Ólafsvíkurdaga var leikur Víkings við Þrótt úr Vogum, á föstudaginn. Reiknað var með hörku leik, þar sem að gestirnir voru í þriðja sæti í deildinni fyrir leikinn. Sú varð raunin, en heimamenn byrjuðu þó betur og Mikael Hrafn skoraði úr víti á 21. mínútu. Um mínútu seinna fengu heimamenn hornspyrnu og upp úr henni skoraði Daði með góðum skalla og staðan orðin 2-0. Þannig var hún í hálfleik. Seinni hálfleikur einkenndist af styrkleika liðanna, semsagt stöðubarátta og tæklingar. Gestirnir skoruðu á 78. mínútu og hleyptu spennu í leikinn, en heimamenn héldu út og lönduðu góðum sigri 2-1. Með þessum sigri er liðið með tveggja stiga forystu og búnir að spila við liðin í öðru og þriðja sætinu, á úti-

velli, sem ætti að teljast til góða. Næsti leikur er við KV á KR vellinum í Reykjavík og svo heimaleikur við Hött/Huginn föstudaginn 14. júlí.

Annað af atriðum Ólafsvíkurdaga var leikur Reynis við Úlfana úr Grafarholti á laugardaginn. Úlfarnir reyndust sterkari aðilinn, enda í öðru sæti deildarinnar og ekki tapað nema einum leik af átta. Staðan var 3-0 í hálfleik, en heimamenn stóðu sig betur í seinni hálfleik, þar sem gestirnir skoruðu bara tvö mörk og það síðasta ekki fyrr en á áttugustu mínútu. Lokastaðan varð því 5-0. Næsti leikur Reynis er hér heima 8. júlí við KB, sem er fyrir neðan á töflunni og því er mikilvægt að fólk mæti og styðji strákana til sigurs.

ÓHS



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Ungmennaráð hlaut styrk



Í byrjun árs sótti Ungmennaráð Snæfellsbæjar um styrkveitingu frá Rannís vegna ungmennaskiptiverkefnis á vegum Erasmus+. Ungmennin uppskárú ávöxt erfiðis síns eftir að hafa vandað vel til verka við umsóknina þegar þeim barst fregnir í síðustu viku um að þau væru á leið til Ítalíu í haust. Munu þau ferðast til Toskana í Ítalíu í september eða október og á næsta ári munu gestgjafar þeirra svo heimsækja Snæfellsbæ. Markmið

verkefnisins er meðal annars að hvetja ungt fólk til virkni og þátttöku í lýðræðislegu samfélagi og efla þvermenningarlega umræðu og færni ungs fólks. Auk þess gefst þeim tækifæri til að kynna jafnöldrum frá öðrum Evrópulöndum. Kristfríður Rós Stefánsdóttir, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi hefur verið ungmennunum innan handar í þessu verkefni og mun fylgja þeim til Ítalíu í haust.

SJ

Skrifstofa prentsmiðjunnar Steinprent og umboðs Sjóvá á Snæfellsnesi verður lokuð til og með 28. júlí vegna sumarleyfa

þeir sem þurfa aðstoð eða upplýsingar vegna trygginga er bent á síma **440 2390 og 440 2000**

Bæjarblaðið Jökull kemur næst út 17. ágúst



STEINPRENT

SJÓVÁ